

Reglugerð um rétt lögmanna frá öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu til að veita tímabundna þjónustu hér á landi.

1. gr.

Með lögmanni er í reglugerð þessari átt við þann sem er ríkisborgari í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu (EES) og rétt hefur til að starfa undir einhverju eftirtalinna starfsheita:

í Austurríki	Rechtsanwalt
í Belgíu	Avocat/Advocaat/Rechtsanwalt
í Búlgaríu	Адвокат
í Danmörku	Advokat
í Eistlandi	Vandeadvokaat
í Finnlandi	Asianajaja/Advocat
í Frakklandi	Avocat
í Grikklandi	Δικηγόρος (Dikigoros)
í Hollandi	Advocaat
á Írlandi	Barrister/Solicitor
á Ítalíu	Avvocato
í Króatíu	Odvjetnik/Odvjetnica
á Kýpur	Δικηγόρος
í Lettlandi	Zverinats advokats
í Liechtenstein	Rechtsanwalt
í Litháen	Advokatas
í Luxembourg	Avocat
á Möltu	Avukat/Prokuratur Legali
í Noregi	Advokat
í Portúgal	Advogado
í Póllandi	Adwokat/Radca prawny
í Rúmeníu	Avocat
í Slóveníu	Odvetnik/Odvetnica
í Slóvakíu	Advokát/Komerčný právnik
á Spáni	Abogado/Advocat/Avogado/Abokatu
á Stóra-Bretlandi	Advocate/Barrister/Solicitor
í Sviss	Avocat/Advokat, Rechtsanwalt, Anwalt, Fürsprecher, Fürsprech/Avvocato
í Svíþjóð	Advokat
í Tékklandi	Adokát
í Ungverjalandi	Ügyvéd
í Þýskalandi	Rechtsanwalt

Með heimalandi er í reglugerð þessari átt við það EES-ríki þar sem lögmaðurinn hefur rétt til að starfa sem sérfræðingur undir einhverju þeirra starfsheita sem talin eru upp í 1. mgr.

2. gr.

Lögmaður sem hyggst starfa hér á landi samkvæmt reglugerð þessari skal tilkynna það sýslumanninum á Norðurlandi eystra.

Tilkynningunni skulu fylgja gögn er sanna að hann hafi í heimalandi sínu rétt til að starfa undir einhverju af þeim starfsheitum sem greinir í 1. mgr. 1. gr. Einnig skal lögmaður sýna fram á að hann hafi í gildi starfsábyrgðartryggingu, annaðhvort tryggingu hjá váttryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi eða ábyrgðartryggingu hjá váttryggingafélagi í heimalandi sínu sem veitir a.m.k. samsvarandi tryggingarvernd og sú ábyrgðartrygging sem íslenskum lögmönnum ber að hafa skv. reglugerð um starfsábyrgðartryggingar lögmanna. Lögmanni er ekki heimilt að veita þjónustu hér á landi fyrr en hann hefur lagt fram tilskilin gögn. Sýslumaður tilkynnir Lögmannafélagi Íslands um þær tilkynningar sem berast skv. 1. mgr.

3. gr.

Lögmaður skal við störf sín hér á landi tilgreina á greinilegan hátt starfsheiti sitt í heimalandi sínu á opinberu tungumáli heimalandsins. Hann skal einnig tilgreina í hvaða fagfélagi hann er félagi í heimalandi sínu eða þann dómstól sem hann hefur rétt til að mæta fyrir samkvæmt lögum heimalands síns.

4. gr.

Lögmaður sem veitir þjónustu hér á landi samkvæmt reglugerð þessari getur gætt hagsmuna málsaðila fyrir dómstóli hér á landi sem svarar til dómstóls þess sem hann hefur réttindi fyrir í heimalandi sínu.

5. gr.

Lögmannafélag Íslands hefur eftirlit með þeim lögmönnum sem veita þjónustu hér á landi samkvæmt reglugerð þessari. Ber þeim að starfa í samræmi við siðareglur íslenskra lögmanna og lög um lögmenn að undanskildum skilyrðum um starfsstöð og aðild að Lögmannafélagi Íslands.

Um niðurfellingu heimildar EES-lögmanns til að veita þjónustu hér á landi gilda ákvæði 13.-17. gr. laga um lögmenn eftir því sem við á.

6. gr.

Úrskurðarnefnd lögmanna leysir úr ágreiningsmálum er varða störf lögmanna sem veita þjónustu hér á landi samkvæmt reglugerð þessari.

Lögmannafélag Íslands skal tilkynna sýslumanni um ákvarðanir úrskurðarnefndar félagsins í kjölfar kvartana um störf lögmanna sem starfa hér á landi samkvæmt reglugerð þessari. Sýslumaður skal tilkynna lögbæru yfirvaldi í heimalandi lögmannsins um slíkar ákvarðanir úrskurðarnefndarinnar.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. mgr. 1. gr. laga um lögmenn nr. 77/1998, til innleiðingar á tilskipun nr. 77/249/EB, sem vísað er til í 2. tl. VII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 648/2005 um rétt lögmanna frá öðru EES-ríki til að veita tímabundna þjónustu hér á landi.

Dómsmálaráðuneytinu, 26. febrúar 2018.

Sigríður Á. Andersen.

Haukur Guðmundsson.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.